

BJARNI INGVARSSON

GILDI STARFA

FRAMVINDA OG HORFUR Í LEONARDÓ-VERKEFNI MEÐ ÞÁTTTÖKU FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Á öðrum stað í þessu riti hefur verið greint frá tilurð Leonardó-verkefnisins *Gildi starfa (Value of Work)* undir stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). Meginmarkmið verkefnisins er að þróa viðmið fyrir mat á færni starfsmanna í bönkum en mikilvægt er að reynslan, sem af því fæst, verði færð yfir á önnur störf. Miklu skiptir að skilgreina hlutverk ráðgjafa í matsferlinu ásamt því að leggja áherslu á aðkomu fyrirtækja og stéttarfélagana.

ÞRÓUN VERKEFNISINS

Fyrsti fundur um verkefnið var haldinn í Reykjavík í október 2005. Í inngangserindi kynnti Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, m.a. aðdraganda verkefnisins en auk hennar flutti Sigurður Albert Ármannsson, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SÍB), erindi. Á þessum fyrsta fundi voru afgreidd ýmis hagnýt mál, m.a. skrifað undir samninga við hvern og einn þátttakanda í verkefni. Einnig þurfti að fá sameiginlega sýn á fjárhagslegu hliðina sem fylgir stórum verkefnum sem þessu og var fenginn fulltrúi frá Leonardó-skrifstofunni hér á landi til að fjalla um þau mál. Á fundinum kom í ljós að um samhentan hóp var að ræða sem strax fór að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í umsókn.

FUNDUR Í ENGLANDI

Næsti fundur var haldinn í Leicester á Englandi í byrjun mars 2006. Fundarstjórnun var í höndum The National Institute of Adult Continuing Education (NIACE) og var fundurinn haldinn í höfuðstöðvum þeirra. Peter Lavender, framkvæmdastjóri rannsóknna, þróunar og upplýsinga hjá NIACE, kynnti stofnunina, tilurð hennar og tilgang. Hann sagði m.a. að fræðslumál væru ein af stærstu viðfangsefnum vorra tíma. Lagði hann áherslu á að námi þyrfti að halda við og ræddi sérstaklega hvað það er sem hvetur fullorðna til náms auk þess að fjalla um félagslegan og fjárhagslegan ávinning þess að læra. Að lokum fór hann nokkrum orðum um þjálfun á vinnustöðum. Nokkur umræða varð um erindi Peters enda áhugamál allra þátttakenda.

Þar sem flestir þeir sem að verkefninu koma sinna auk þess mörgum öðrum verkefnum í störfum sínum er nauðsynlegt að fara yfir stöðu verkefnisins í byrjun hvers fundar. Mikilvægar ákvarðanir varðandi verkefnið ganga fyrir og svo virðist að áframhald sé á góðum gangi í hópnum, a.m.k. gekk vel að fjalla um viðfangsefnið á málefnalegan hátt. Einnig skiptir máli að fara yfir dagskrá fundarins í upphafi þannig að allir stígi sama dans. Þannig fæst sú yfirsýn sem skiptir máli svo að verkefnið nái að þróast áfram. Á fundinum í Leicester var lögð áhersla á fjármálin, höfundarétt (Intellectual Property Rights, IPR) og síðan var rætt hvernig við metum störfin, þjálfum matsaðila, forprófun innan bankanna og loks yfirfærslu á aðrar starfsgreinar. Einnig var rætt um kynningarmál, bæklinga, vefsíðu og mögulegar greinar í tímarit eða blöð.

Staðlar

Hlutverk NIACE í verkefninu er að finna og þróa staðla fyrir verkefnið. Þeir ensku staðlar, sem eru til, eru mjög flóknir en hægt er að finna aðra staðla á Netinu, á innra vef verkefnisins. Á fundinum lagði NIACE fram, auk eigin gagna, evrópskan staðal, European Foundation Certificate in Banking, sem byggður er á Standard Examination Model (SEM), en SEM var þróað sem samevrópskt verkefni. Auk þess lágu fyrir íslenskir staðlar og staðlar frá Svíum. Svo virðist sem staðlarnir myndi ákveðna línu með flókna staðla sem fjalla um fáar stöður innan bankageirans á öðrum endanum en á hinum endanum eru almennt skilgreindir staðlar og markmið. Samþykkt var á fundinum að fara almennu leiðina.



YFIRFÆRSLA Á ÖNNUR STÖRF

Niðurstaðan er að Kypur einbeiti sér að bankageiranum eins og Danmörk og Ísland en Slóvenía og Svíþjóð verði með verkefni í öðrum starfsgreinum. Slóvenía leggur áherslu á þá sem sinna umönnun í heimahúsum en í Svíþjóð verður litið til skrifstofumanna í stjórnsýslu og viðskiptum. Þá varð nokkur umræða um skilgreiningu á markhópnum okkar. Ætíð þarf að á rétta markhóp verkefnisins en hann er starfsmenn sem hafa aukið færni sína með óformlegu og formlausu námi og hafa ekki lokið framhaldsskóla. Einnig kom fram að þátttakendur verða að vera mjög virkir í því að koma upplýsingum um niðurstöður verkefnisins á framfæri.

Gæði verkefnisins

Mikilvægt er að gæði fundanna séu eins mikil og kostur er. Kypverjar halda utan um innra mat fundanna en hins vegar þarf utanaðkomandi aðila til að meta verkefnið í heild sinni. Ákveðið hefur verið að Alfonso Alvarez frá Spáni taki að sér ytri endurskoðun verkefnisins en hann hefur áður tekið að sér verkefni á Íslandi og hefur mikla reynslu af Evrópuverkefnum.

Kynningarmál

Kynningarmál eru afar mikilvægur hluti Evrópuverkefna þar sem útbreiðsla þekkingar og reynsla af tilraunaverkefnum er í hávegum höfð. Kynning VOW-verkefnisins hefur verið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er búið að opna vefsíðu þar sem allir sem vilja geta skoðað stöðuna á verkefninu og helstu fréttir. Slóvenía ber ábyrgð á kynningarmálum og hefur veg og vanda af öllu útliti. Á vefsíðunni er hægt að nálgast allar fundargerðir, áætlanir um framkvæmd ásamt því að þar eru glærkynningar frá fundum svo og myndir. Í öðru lagi nota þátttakendur umræðutorg á vefnum þar sem þeir senda ýmis skilaboð og henda á milli sín hugmyndum og verkefnum. Auk þessa fer á vefinn allt annað efni sem tilheyrir verkefninu. Þá eru þátttakendur í reglulegum tölvupóstsamskiptum. Þannig er hægt að skiptast

á skoðunum, skipuleggja fundi og annað sem þarf að gera milli þess sem hópurinn hittist. Í þriðja lagi er gefinn út kynningarbæklingur sem er sameiginlegur öllum þátttökulöndum. Hvert land ber ábyrgð á því að þýða bæklinginn og prenta í sínu heimalandi. Í fjórða lagi verður haldin ráðstefna í Reykjavík haustið 2007 þar sem lokaniðurstöður verkefnisins verða kynntar.

FUNDUR Í MÁLMHEY

Þriðji fundurinn var haldinn í Málmei í Svíþjóð dagana 16. og 17. júní 2006.

Ráðgert er að haustið 2006 verði lagðar forkannir fyrir markhópinn. Til að vel takist til er mikilvægt að undirbúa þær vel og því áriðandi að vinnuhópum verði komið af stað sem fyrst. Mikil vinna fer í að útbúa staðla fyrir kannanirnar. Mikilvægt er að búið verði að þróa þá sem fyrst þar sem tíma þarf til að þýða staðlana yfir á tungumál hvers lands. Svíarnir sjá um þróun tækja og tóla auk þess að hafa umsjón með þjálfun á því sviði. Á fundinum í Málmei sýndu Svíarnir hvað þeir hugsa sér varðandi tæki og tól.

Handbókin verður á ensku og gefin út á vefnum. Hún er því aðgengileg fyrir alla aðila.

European Qualification Framework (EQF)

Rætt var sérstaklega um að tengja alla staðla við EQF eða European Qualification Framework (EQF). Sú sýn, sem þar er sett fram, er að mörgu leyti byltingarkennd og er mögulegt að nýta hana í tengslum við þá vinnu sem við erum að vinna í VOW. Þess má geta hér að nánar er fjallað um EQF í sérstakri grein í þessari útgáfu Gáttar.

Í allri umræðu um staðla verður að vera sameiginlegur skilningur á hvað færni er og hvernig hægt er að tengja hana við EQF. Hægt er að horfa á færni út frá EQF en þar er færnin byggð á þremur flokkum: þekkingu, hæfileikum og sjálfstæði og ábyrgð með áherslu á „hvað þú gerir“ í staðinn fyrir „hvað þú veist“. Bent var á að hér væri



um nýja hugsun að ræða varðandi hvernig við horfum á menntun, kennslu og mat á færni. Þannig losnum við undan hefðbundinni hugsun annarra staðla og horfum á EQF í staðinn. Lögð er áhersla á persónulega færni ásamt faglegri færni þar sem persónuleg færni er mikilvæg meðal annars með tilliti til hæfileikans að læra. Brýnt er að færni, sem er aflað og notuð í vinnu, verði vel skilgreind. Í umræðum á fundinum var ætíð lögð áhersla á að hafa í huga að um er að ræða forkönnun og því verði að halda færni- viðmiðunum innan þess ramma. Ein af niðurstöðunum er því að byrja með „mýkri“ færni og enda á flóknari færni- viðmiðunum. Því þarf að aðgerðabinda færni- viðmiðin. Skilgreiningar færni- viðmiða ættu því að vera gagnsæjar. Sjálfsmat er einn af mikilvægustu þáttum forkönnunarinnar. Það varð hlutverk Dananna að gera tillögur um hvernig þessar breytingar gætu litið út og hafa í huga upplýsingar frá hverju og einu þátttökulandanna og með SEM og EQF sem viðmið. Næstu skref verkefnisins verða með áherslu á þróun færni- viðmiða.

Halda þarf ákveðna tímaáætlun til að verkefnið sé innan þess tímaramma sem því var sett í byrjun. Auk þess er lögð áhersla á eitt af meginmarkmiðum verkefnisins sem er yfirfærsla yfir á aðrar starfsstéttir en í bönkum.

Höfundaréttur

Á hverjum fundi eru skoðaðir sértækir þættir og er einn þeirra höfundaréttur, á ensku Intellectual Property Rights (IPR). Hver þátttakandi í verkefninu ætti að hafa í huga að allt það efni sem er hluti af verkefninu er eign almennings ef svo má að orði komast. Ýmsir þættir sem eru þróaðir í framhaldi eða til hliðar við verkefnið geta verið eign þess fyrirtækis sem verkið er unnið hjá og er þá háð þeim skyldum sem því fyrirtæki fylgir. Hver þátttakandi getur því skrifað undir samning við verkefnastjórnina um höfundarétt.

Ytri endurskoðun

Á fundinum í Málmei fjallaði nýi ytri endurskoðandinn, Alfonso Alvarez, almennt um hlutverk sitt í Evrópuverk-

efnum og sérstaklega um hlutverk sitt í okkar verkefni. Alvarez verður með heimasíðu sem sýnir þróun verkefnisins og hvernig hann sér það með tilliti til ákveðinna þátta sem hann notar sem viðmið í sínu mati.



Á góðri stundu

FUNDUR Í KAUPMANNAHÖFN

Fjórði fundur verkefnisins var haldinn í Kaupmannahöfn í lok september síðastliðins. Sá fundur var nokkuð frábregður inn öðrum fundum verkefnisins vegna þátttöku fulltrúa úr faglegum vinnuhópum PTG. Á fundinum fór fram þjálfun okkar sem að forkönnuninni koma. Um þjálfunina sáu þau Ingela Bergman og Ronny Nilson hjá Malmö Validation Center og fylgdi handbók verkefninu. Í öðru lagi var mikið fjallað um aðferðafræðina og hvernig við nálgumst þátttakendur innan fyrirtækjanna. Í þriðja lagi var talsvert fjallað um hlutverk hvers og eins sem taka þátt í verkefninu. Í fjórða lagi kynnti Anne Hansen frá Bretlandi væntanlegt innihald handbókar sem gefin verður út á tungumáli hvers lands. Lögð er áhersla á að handbókin sé lifandi, þ.e. sé á vefnum og henni sé hægt að breyta og bæta hana eftir því sem verkefnið þróast áfram. Í fimmta lagi var farið yfir allar tímasetningar verkefnisins og rannsóknin skipu- lögð. Í sjötta lagi fór fram ítarleg umræða um skráningu



og varðveislu gagna. Í lokin fóru fram hefðbundin fundarstörf og skipulag fyrir næstu mánuði rætt. Næstu fundir eru á Kýpur og í Slóveníu. Athyglisvert var að fá nýja sýn frá þeim sem komu frá PTG-hópunum.

STAÐAN NÚNA

Verkefnið er vel á veg komið og dagsetningar, sem settar voru í byrjun, hafa verið mjög raunsæjar. Vefurinn hefur breyst og þróast og umræðutorgið, þar sem við spjöllum og sendum efni á, hefur virkað mjög vel. Samstarfsaðilum hefur gengið vel við að fylgja þeim markmiðum sem sett voru í upphafi verkefnisins. Verkefnið er mjög athyglisvert og spennandi og það skilar sér ágætlega til allra sem að því koma.

UM HÖFUNDINN

Bjarni Ingvarsson er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hann er löggiltur sálfræðingur og stundaði nám í vinnusálfræði við háskólann í Lancaster í Englandi. Bjarni hefur fjölbreytta reynslu í starfsmannámum og stjórnun. Hann hefur einnig sinnt fræðslu og menntun fullorðinna og útbúið námsefni því tengt.

ABSTRACT

In another section in this report the background to the EC Leonardo project, Value of Work has been recounted. The Education and Training Service Centre (FA) coordinated the project. The main objective of the project was to develop benchmarking for skills of staff working in banks. It is important that the experience gained in this project should be transferred to other sectors. Key issues are the definition of the role of the advisor in the evaluation process and emphasis on the importance of involving companies and unions.